

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 29. ágúst 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kosning í nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins:

Eftirtaldir voru kosnir í,

a) Kjörstjórn

Lárus Ægir Guðmundsson	til vara	Guðbjörg Ólafsdóttir
Steindór R. Haraldsson	til vara	Guðmundur Ólafsson
Guðný Sigurðardóttir	til vara	Sigríður Gestsdóttir

b) Íprótta- og æskulýðsnefnd

Guðmundur Finnbogason	til vara	Aðalheiður Árnadóttir
Hólmgeir Kristmundsson	til vara	Guðrún S. Pétursdóttir
Vigdís Ómarsdóttir	til vara	Inga Rós Sævarsdóttir

c) Skoðunarmenn reikninga

Gunnlaugur Sigmarsson	til vara	Erla Jónsdóttir
Þorbjörg Magnúsdóttir	til vara	Guðrún Pálsdóttir

d) Leikskólanefnd

Birna Sveinsdóttir	til vara	Berglind Guðmundsdóttir
Dóra Sveinbjörnsdóttir	til vara	Gígja Óskarsdóttir
Björn Hallbjörnsson	til vara	Tryggvi Hlynsson

e) Safna- og menningarmálanefnd

Lárus Ægir Guðmundsson	til vara	Jensína Lýðsdóttir
Adolf H. Berndsen	til vara	Gunnar Þór Gunnarsson
Ingibergur Guðmundsson	til vara	Steinunn Steinþórsdóttir

f) Fulltrúi á landsþing Samb. ísl. Sveitarfélaga

Magnús B. Jónsson	til vara	Adolf H. Berndsen
-------------------	----------	-------------------

Samþykkt að hlutverk atvinnumálanefndar og bókasafnsnefndar verði á höndum hreppsnefndar.

2. Innheimta gjalda og reikninga.

Fyrir fundinum lá kynning á forsendum að samningi við Intrum á Íslandi með að markmiði að Intrum taki að sér innheimtuþjónustu fyrir sveitarfélagið á reikningum og gjöldum. Sveitarstjóri óskaði heimildar hreppsnefndar til að ganga til samninga við Intrum um innheimtu á gjöldum til sveitarfélagsins skv. því formi sem kynnt er í gögnum að því undanskildu að lögfræðinnheimta verði hjá þeim lögfræðingi sem annast hefur

þann þátt innheimtunnar fram til þessa. Samþykkt að heimila sveitarstjóra að ganga til samninga við Intrum um innheimtumál.

3. Bréf:

a) EBÍ – Brunabót, dags. 16. ágúst 2002

Í bréfinu er gerð grein fyrir framlagi til greiðslu ágóðahluta til aðildarsveitarfélaga að Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands. Hlutur Höfðahrepps í ágóðahlut félagsins er kr. 1.095 þúsund. Bréfið var til kynningar.

b) FSNV um viku símenntunar, dags. 10. ágúst 2002.

Í bréfinu er greint frá því að vika símenntunar verði sett 8. september nk. og að boðað sé til hádegisverðarfundar þriðjudaginn 10. september á Skagaströnd. Bréfið var til kynningar og hreppsnefnd boðuð á fyrrgreindan fund.

c) Samb ísl. sveitarf. um námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn, dags. 9. júlí 2002.

Í bréfinu er kynnt áætlun um að bjóða nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum upp á námskeið um málefni sveitarfélaga veturinn 2002-2003. Jafnframt er óskað eftir að þeir sem hefðu áhuga á námskeiði tilkynni það til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fram kom að hreppsnefndarmenn höfðu áhuga á námskeiðinu og var sveitarstjóra falið að koma því til skila og óska eftir frekari upplýsingum.

d) Tónlist fyrir alla, boð um þátttöku, dags. 20. júní 2002.

Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsemi Tónlista fyrir alla og boðið upp á þátttöku skólabarna á Norðurlandi gegn 155 kr gjaldi fyrir hvert barn sem sækir tónleikana. Hreppsnefnd samþykkti að vísa erindinu til skólanefndar.

e) Umboðsmanns Alþingis, dags. 26. júní 2002.

Í bréfi sínu gerir umboðsmaður grein fyrir því að hann hyggist í framhaldi af kvörtun Hjartar J. Guðmundssonar taka til athugunar þá aðferð að afla umsóknar frá Guðrínu S. Pétursdóttur og óskar eftir upplýsingum og gögnum um það hvað hafi ráðið þeirri afstöðu skólastjóra að Hjörtur hentaði ekki til starfsins. Fyrir fundinum lá einnig drög að svarbréfi sem sveitarstjóri hafði samið.

Bréf umboðsmanns var tekið til umræðu og kom fram að hreppsnefnd taldi ekki fært að ráða frekar í hug skólastjóra í málinu en þegar hefur komið fram í skýrslum og bréfaskrifum vegna málsins. Samþykkt að senda umboðsmanni svar að höfðu samráði við lögfræðing.

f) Samb ísl sveitarfélaga um XVII landsþing, dags. 19. júní 2002.

Í bréfinu er boðað til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. -27. september nk. Bréfið var til kynningar.

g) Systursamtaka Stígamóta á Norðurlandi v/styrks, dags. 10. júní 2002.

Í bréfinu er sótt um styrk til rekstur systursamtaka Stígamóta á Norðurlandi. Í bréfinu er einnig gerð grein fyrir helstu verkefnum samtakanna og bent á þá þörf sem talin er fyrir þjónustu þeirra. Meðfylgjandi bréfinu var kostnaðaráætlun vegna stofnbúnaðar og reksturs samtakanna og listi yfir hugsanlega styrki sveitarfélaga á Norðurlandi. Þar er gert ráð fyrir 30.000 kr styrk frá Höfðahreppi. Samþykkt að verða við erindinu.

h) Brunamálastofnunar, styrkveiting vegna skýrslugerðar, dags. 2. júlí 2002.
Í bréfinu er gerð grein fyrir afgreiðslu á styrkumsókn vegna skýrslugerðar um samvinnu slökkviliða sem Blönduósbær, Höfðahreppur, Húnaþing vestra og Bæjarhreppur stóðu að. Samþykkt hafði verið í Brunamálastofnun að veita 300.000 kr. styrk til skýrslugerðar. Skilyrði til afgreiðslu styrksins var sett að sveitarfélögin tilnefni einn aðila sem ábyrgur er fyrir gerð skýrslunnar og samstarfi við Brunamálastofnun um skýrslugerðina. Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra falið að vinna að málinu áfram í samstarfi við forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að málinu.

4. Fundargerðir

a) Skólanefndar, 27. júní 2002.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Húsnæðisnefndar, 19. júlí 2002.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Héraðsnefndar Austur Húnavetninga, 3. júlí 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag, 8. maí 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Héraðsráðs, 20. júní 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Héraðsráðs, 11. júlí 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Héraðsráðs, 19. ágúst 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

h) Tækifæris hf, aðalfundar, 5. júní 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

i) Aðalfundar Félagsþjónustu A-Hún., 21. ágúst 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál

Oddviti las bréf sýslumanns dags. 28. ágúst 2002 þar sem gerð er fyrirspurn um afstöðu sveitarfélaga í Húnavatnssýslum til opinberrar heimsóknar forseta Íslands sem gæti átt sér stað 14.-18. október nk. Hreppsnefnd tók vel í að taka á móti forsetanum .

Oddviti greindi frá því að þingmenn kjördæmsins komi í árlega heimsókn sína 17. september n.k. kl 10.00.

1006/6

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

Sveitarstjóri greindi frá því að líkan af skipulagi af Höfðakaupstað sé til hjá Skipulagsstofnun. Líkanið sé töluvert skemmt en sé vel mögulegt að gera við það. Samþykkt að skrifa bréf til Skipulagsstofnunar og óska eftir að fá líkanið til varðveislu og samstarfi um að gera það upp.

Birna vakti máls á að félagslegum íbúðum sé ekki skilað með þeim hætti að viðunandi sé. Mikil umræða varð um félagslegar íbúðir og hvernig skil séu á þeim yfirleitt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl.19³⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)